

Reykjavík, 12 janúar 2021



**Nefndasvið Alþingis við Austurvöll
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**

Umsögn um: Tillögu til þingsályktunar um græna atvinnubyltingu

Á 151. Löggjafarþingi 2020-2021.

Þingskjal 452 – 360. mál.

Sendandi: Votlendissjóður, Árleyni 22, 112 Reykjavík. votlendi@votlendi.is

Umsögn

Stjórn Votlendissjóðs telur þessa tillögu til þingsályktunar jákvætt skref í baráttunni við loftslagsbreytingar, einkum þau markmið sem þar eru sett fram í 6. lið um kolefnisbindingu og bættu landnýtingu. Þar er kveðið á um aukinn metnað í að minnka nettó losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Þessar aðgerðir munu jafnframt styðja 2. lið þingsályktunarinnar sem fjallar um metnaðarfullri loftslagsmarkmið. Það fer vel á því að Ísland verði í fararbroddi meðal ríkja í aðgerðum í loftslagsmálum. Stjórn Votlendissjóðs vill benda á og leggja áherslu á að hagkvæmasta og fljótvirkasta leiðin til að minnka heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi er að endurheimta framræst votlendi.

Varðandi bættu landnýtingu n þá er tekið undir þau sjónarmið að afar brýnt sé að endurskoða styrkjakerfi landbúnaðarins og hverfa frá núverandi fyrirkomulagi sem er framleiðsluhvetjandi án nægilegs tillits til umhverfissjónarmiða. Tryggja þarf með öllum tiltækum ráðum að landnýting búfjár verði með sjálfbærum hætti og styrkir verði greiddir til bænda í formi landbætandi aðgerða svo sem endurheimtar votlendis og birkikjarrs, kolefnisbindingar með landgræðslu og vistvænni skógrækt á illa förnu landi.

Stjórn Votlendissjóðsins bendir á að við framkvæmd slíkrar áætlunar, Á vegum Votlendissjóðs, í rúmlega tveggja ára starfi sjóðsins, hafa verið endurheimtir um 203 hektarar af votlendi. Með því hefur Votlendissjóður tryggt heildarminnkun á losun 31.668 tonna af koldíoxíði fyrir umbjóðendur sína

Það liggur fyrir að losun gróðurhúsalofttegunda, einkum koldíoxíðs frá framræstu votlendi, er af svipaðri stærðargráðu og öll önnur losun gróðurhúsalofttegunda í landinu. Þar sem töluvert af framræstu votlendi er í dag ekki nýtt til landbúnaðar, blasir við að miklir möguleikar eru til árangurs í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Til að ná skjótum árangri er hins vegar nauðsynlegt að auka fjármagn til aðgerða með endurheimt votlendis. Hingað til hefur nær öll fjármögnun framkvæmda hjá Votlendissjóði komið frá fyrirtækjum og einstaklingum og

vonandi tekst Votlendissjóði áfram að fjármagna sín verkefni með þeim hætti. Ríkissjóður Íslands hefur á hinn bóginn eignarhald á fjölmörgum jörðum þar sem endurheimt votlendis ætti að vera möguleg. Það væri við hæfi að fjármagn til þeirra framkvæmda kæmi úr ríkissjóði og stuðlaði þannig að betri árangri í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Stjórn Votlendissjóðs vill enn fremur vekja athygli því að ennþá er verið að ræsa fram votlendi víða um land sem veldur aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda jafnvel með fjárstuðningi hins opinbera. Mikilvægt er að hafa betri stjórn á þessum framkvæmdum og krefja framkvæmdaraðila um að endurheimta votlendi í stað þess sem framræst er.



Virðingarfyllst f.h. Votlendissjóðs